

Starfsreglur hæfnisnefnda til að undirbúa ákvörðun háskólarektors um ráðningu forseta fræðasviða Háskóla Íslands

Samþykktar á fundi háskólaráðs 1. október 2020.

1. Gildissvið reglnanna

Reglur þessar eru settar af háskólaráði Háskóla Íslands og gilda um störf ráðgefandi hæfnisnefnda til að undirbúa ákvörðun rektors um ráðningu forseta fræðasviða Háskóla Íslands, sbr. 13. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

2. Hlutverk hæfnisnefndar

Hlutverk nefndarinnar að fara yfir og meta umsóknir um starf forseta fræðasviðs og veita háskólarektor umsögn um umsækjendur. Nefndin starfar í umboði rektors samkvæmt nánari ákvæðum í erindisbréfi.

3. Skipan hæfnisnefndar

Rektor skipar nefnd til að meta hæfni umsækjenda um starfið. Hver deild fræðasviðs hefur einn fulltrúa í nefndinni en tilnefnir tvo, af sitthvoru kyni, í samræmi við ákvæði 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Formaður er skipaður af rektor án tilnefninar. Rektor skipar ritara sem starfar með nefndinni auk lögfræðings.

4. Hæfi nefndarmanna

Þá eina má skipa í nefndina sem hafa prófessors- eða dósentshæfi.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.

Umsækjendum um starf forseta fræðasviðs er send tilkynning um skipan nefndarinnar og starfsreglur hennar. Ef umsækjandi telur að nefndarmaður sé vanhæfur skal hann svo fljótt sem auðið er senda hæfnisnefndinni rökstuddar athugasemdir sínar til úrlausnar lögum samkvæmt.

5. Verkefni hæfnisnefndar

Starf hæfnisnefndar skal miða að því að leiða í ljós hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að gegna starfinu á grundvelli heildarmats á matsþáttum sem fram koma í auglýsingu um starfið. Í erindisbréfi rektors til nefndarmanna skulu koma fram áherslur rektors fyrir starfið og hvaða matsþættir skulu hafi aukið vægi við mat á umsóknum.

Áður en nefndin kemur saman skulu nefndarmenn hafa fengið send gögn allra umsækjenda. Nefndin fer yfir öll innsend gögn og getur kallað eftir öðrum nauðsynlegum gögnum frá umsækjendum, til viðbótar þeim sem fylgdu umsókn, og lagt til grundvallar mati sínu.

Nefndin tekur þá umsækjendur í viðtal sem helst koma til greina í starfið. Allir nefndarmenn skulu taka þátt í viðtölum við umsækjendur og skráir ritari efnisatriði sem fram koma í þessum viðtölum.

Hæfnisnefnd getur aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá öðrum en meðmælendum, til dæmis hjá fyrrum vinnuveitendum og öðrum sem átt hafa samskipti við umsækjanda vegna starfa hans. Þess skal gætt að skrá munnlegar upplýsingar eða taka þær upp.

Gæta skal að andmælarétti umsækjanda samkvæmt stjórnslulögum, einkum þannig að sé byggt á upplýsingum sem hæfnisnefnd aflar frá þriðja aðila, sem eru umsækjanda í óhag, þá hafi honum áður gefist kostur á að tjá sig um þær.

Hæfnisnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft.

6. Umsögn hæfnisnefndar

Hæfnisnefndin undirritar umsögn sína og sendir rektor hana ásamt öllum gögnum málsins. Einstaka nefndarmenn mega gera fyrirvara við undirritun sína eða gera grein fyrir afstöðu sinni í séráliti.

Áður en rektor tekur endanlega ákvörðun um ráðningu í starfið sendir hann umsækjendum umsögn hæfnisnefndar og gefur þeim sjö daga frest til þess að koma á framfæri athugasemdum. Berist athugasemdir við umsögnina kallar rektor nefndina saman til þess að fara yfir sjónarmið umsækjenda og gera eftir atvikum breytingar á umsögninni. Að því búnu sendir nefndin umsögnina á ný til rektors.

Í umsögninni skal bæði koma fram rökstutt álit á hæfni hvers umsækjanda í hverjum matsþætti fyrir sig og rökstutt álit á því hvern eða hverja nefndin telur hæfasta í starfið á grundvelli heildarmats á þeim matsþáttum sem leggja ber til grundvallar við ráðninguna.

Hæfnisnefnd skal að jafnaði skila umsögn um umsækjendur innan sex vikna frá því að umsóknargögn bárust henni. Fresturinn getur þó orðið lengri ef sérstakar ástæður valda því.

7. Þagnarskylda

Nefndarmenn skulu gæta þagmælsku um viðkvæmar upplýsingar sem leynt eiga að fara er varða umsækjendur og þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi í nefndinni.

8. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 1. október 2020. Falla þá jafnframt úr gildi starfsreglur nefnda til undirbúa ákvörðun háskólarektors um ráðningu forseta fræðasviða Háskóla Íslands frá 8. maí 2008, með síðari breytingum.